

Stefnuyfirlýsing IFLA um Netið

Óhindraður aðgangur að upplýsingum er grundvallaratriði fyrir frelsi, jafnrétti, alþjóðlegan skilning og frið. Þess vegna fullyrðir IFLA - Alþjóðleg samtök bókavaraðafélaga og stofnana eftirfarandi:

- Vitsmunalegt frelsi er réttur sérhvers einstaklings, bæði til að hafa og tjá skoðanir og til að leita að og taka á móti upplýsingum. Þetta er undirstaða lýðræðis og jafnframt þungamiðjan í þjónustu bókasafna.
- Frjálst aðgengi að upplýsingum á hvaða formi sem er og án tillits til landamæra er þungamiðja ábyrgðar starfsstétta bókasafna og upplýsingamiðstöðva.
- Ákvæði um óhindraðan aðgang að Netinu á bókasöfnum og upplýsingamiðstöðvum styður samfélög og einstaklinga við að öðlast frelsi, velmegun og þroska.
- Hindranir upplýsingaflæðis ætti að fjarlægja, sérstaklega þær sem stuðla að misrétti, fátækt og vonleysi.

Frjálst aðgengi að upplýsingum, Netinu og bókasöfnum og upplýsingaþjónustu

Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar eru öflugar stofnanir sem tengja fólk saman með upplýsingaforða frá víðri veröld og með þeim hugmyndum og skapandi verkum sem það leitar eftir. Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar hafa á boðstólum auðlegð mannlegrar tjáningar og menningarlega fjölbreytni á hvaða formi sem er.

Netið gerir einstaklingum og samfélögum um heim allan kleift, hvort sem um er að ræða í hinum minnstu og afskekktustu byggðum eða í stærstu borgum, að hafa jafnan aðgang að upplýsingum fyrir persónulegan þroska, menntun, hvatningu, eflingu menningarmála, fjármálastarfsemi og upplýsta þátttöku í lýðræðisríki. Allir geta komið á framfæri áhugamálum sínum, þekkingu og menningu sem allur heimurinn getur síðan sótt heim.

Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar láta í té ómissandi aðgang að Netinu. Fyrir suma bjóða þau fram þægindi, leiðsögn og aðstoð en fyrir aðra eru þau eini tiltæki aðgangurinn. Þau láta í té búnað til að vinna bug á hindrunum sem skapast af mismuni hvað varðar fjármagn, tækni og menntun.

Grundvallaratriði varðandi frjálstan aðgang að upplýsingum á Netinu

Aðgangur að Netinu og öllum heimildum sem þar er að finna ætti að vera í samræmi við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, einkum 19. grein:

Hver maður skal frjáls skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur slíkt frjáltsræði í sér réttindi til þess að leita, taka við og dreifa upplýsingum og hugmyndum með hverjum þeim hætti sem vera skal og án tillits til landamæra.

Hnattræn tenging um Netið býður upp á miðil sem gerir það kleift að allir geti notið ofangreindra réttinda. Þar af leiðandi ætti aðgangurinn hvorki að vera háður nokkurs konar hugmyndafræðilegri, stjórnmálalegri eða trúarlegri ritskoðun né efnahagslegum hindrunum.

Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar hafa ennfremur þá skyldu að þjónusta alla þegna viðkomandi samfélags, án tillits til aldurs, kynþáttar, þjóðernis, trúarbragða, menningar, stjórnmalaskoðana, líkamlegrar eða annarrar fötlunar, kyns eða kynhneigðar eða annarra aðstæðna.

Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar ættu að styðja þann rétt notenda að leita upplýsinga að eigin vali.

Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar ættu að virða einkalíf notenda sinna og viðurkenna að heimildir sem þeir nota eiga að vera trúnaðarmál.

Bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar bera ábyrgð á að auðvelda og stuðla að almennum aðgangi að hágæða upplýsingum og fjarskiptum. Notendur ætti að aðstoða við að ná nauðsynlegri færni og skapa hentugt umhverfi til þess að nota þær upplýsingaveitur og þjónustu, sem þeir hafa valið, á frjálstan og öruggan hátt.

Til viðbótar við þær fjölmörgu gagnlegu heimildir sem fáanlegar eru á Netinu, sumar eru rangar, villandi og geta verið móðgand, ætti starfsfólk bókasafna að hafa til reiðu upplýsingar og heimildir fyrir bókasafnsnotendur til að læra að nota Netið og rafrænar upplýsingar á skilvirkan og markvissan hátt. Það ætti á framsækinn hátt að efla og greiða fyrir áreiðanlegum aðgangi að hágæða netupplýsingum fyrir alla notendur sína, þar með talin börn og ungt fólk.

Sem og önnur grundvallarþjónusta ætti aðgangur að Netinu á bókasöfnum og upplýsingamiðstöðvum að vera án endurgjalds.

Útfærsla stefnuyfirlýsingarinnar

IFLA hvetur alþjóðasamfélagið til að styðja þróun aðgangs að Netinu um heim allan, og sérstaklega í þróunarlöndum, til þess að ná þannig fram um heim allan þeim hagsbótum sem upplýsingar fyrir alla á Netinu hafa upp á að bjóða.

IFLA hvetur ríkisstjórnir til að þróa grunnupplýsingakerfi á landsmælikvarða sem veitt geti öllum íbúum þjóðarinnar aðgang að Netinu.

IFLA hvetur öll stjórnvöld til að styðja óhindrað flæði upplýsinga, sem aðgengilegar eru á Netinu, á bókasöfnum og upplýsingamiðstöðvum og að standa gegn sérhverri tilraun til að ritskoða og hindra aðgengi.

IFLA mælir eindregið með því við bókasafnasamfélagið og þá sem taka ákvarðanir á landsvísi svo og í sveitarfélögum að þróa aðferðir, reglur og áætlanir sem útfæra þau grundvallaratriði sem koma fram í ofangreindri stefnuyfirlýsingu.

Stefnuyfirlýsingin var útbúin af IFLA/FAIFE, samþykkt af framkvæmdastjórn IFLA í Haag í Hollandi þann 27. mars 2002 og staðfest af IFLA þann 1. maí 2002. Samþykkt samhljóða án móttakvæða eða hjásetu á fulltrúaráðsfundi IFLA á 68. ársþingi samtakanna í Glasgow í Skotlandi þann 23. ágúst 2002.

IFLA - Alþjóðleg samtök bókavardafélaga og stofnana voru stofnuð (International Federation of Library Associations and Institutions) í Edinborg árið 1927. Aðildarfélög IFLA eru um 1.700 í 150 löndum um heim allan. FAIFE, sem stendur fyrir Free Access to Information and Freedom of Expression, er nefnd innan IFLA, sem stofnuð var formlega á IFLA ársþinginu í Kaupmannahöfn árið 1997. Skrifstofa FAIFE opnaði þar 1. júlí 1998. Um IFLA og starfsemi samtakanna má fræðast nánar á heimasíðu þeirra www.ifla.org/faife/.

(Þórdís T. Þórarinsdóttir þýddi)